



## Aðalfundur FUÁ 22. maí 2019



September: Fundað var í byrjun september og þá skipti stjórnin með sér verkum. Á fundinum var rætt hvort hægt væri að breyta útlitinu á skólapeysunni og sérstaklega litnum. Stjórnin setti niður hugmyndir af útliti fyrir nýjar skólapeysur.

Október: Fundað var 2. október. Rannveigu skólastjóra var boðið á fundinn. Stjórnin ræddi við hana um óskir nemenda skólans og stjórnar FUÁ um nýtt og breytt útlit á skólapeysum skólans.

Nóvember: Í nóvember var fundað þann 6. nóvember. Á fundinum var rætt um baráttudag gegn einelti og stjórnin kom með hugmyndir að verkefni fyrir daginn. Ákveðið var að skólabjöllu yrði hringt og farið í samvinnuleiki. Á fundinum kom sú hugmynd upp að leggja áherslu á að allir myndu vanda sig og tala fallega íslensku á degi Íslenskrar tungu þann 16 nóvember. Dagur mannréttanda barna 20. nóvember var líka til umfjöllunar á fundinum auk þess sem stjórnin kom með hugmyndir um ný leiktæki á skólalóðinni í tilefni þess að skólalóðin verður endurnýjuð að hluta til sumarið 2019.

Desember: Ekkert var fundað en haldinn jólahúfudagur þann 14. desember og útbúnauglýsingar fyrir hann.

Janúar: Í janúar kom stjórnin með hugmyndir af átaki á matsal. Stjórnin ákvað að hvert átak myndi vara í tvær vikur og sá bekkur sem ynni fengi að velja í matinn einu sinni í vikunni á eftir. Átakið gekk vel og nemendur pössuðu betur hegðun og umgengni á matsalnum. Í janúar kynnti stjórnin nýtt útlit á skólapeysunum.

Febrúar: Stjórnin bjó til veggspjöld fyrir átakið á matsal og kynnti það öllum árgöngum skólans.

Mars: Í mars var fundað tvisvar sinnum. Tekin var ákvörðun að halda fótbolta mót FUÁ 5. júní. Rætt um aðalfundinn og hvað þyrfti að gera til að undirbúa hann.

Apríl: Í apríl var tekin ákvörðun um að halda aðalfund FUÁ 22. maí. Undirbúningur hófst fyrir aðalfundinn og stjórnin skipti með sér verkum. Í apríl hófst líka undirbúningur fyrir fótbolta mót FUÁ.

Maí: Í maí var fundað nokkrum sinnum. Aðalfundurinn var skipulagður og fótbolta mótið. Í byrjun maí fór líka fram kosning í 4. – 6.bekk á nýjum fulltrúum í stjórn FUÁ fyrir næsta skólaár. Nemendur 6. bekkjar kusu líka tvo nýja fulltrúa í skólaráð fyrir skólaárið 2019 – 2020.

Takk fyrir okkur  
stjórn FUÁ 2018 – 2019.

